

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
14 151

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
kt. 701211-0140
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga nr. 130/2011. Nefndin hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á lagasviði nefndarinnar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 17 og málaflokk 50 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Úr Grænu bókhaldi

Samkvæmt Grænu bókhaldi 2020 losaði starfsemi stofnunarinnar 0,8 tonn koltvísýringsígilda eða rúm 80 kg á hvert stöðugildi. Losunin var öll kolefnisjöfnuð í gegnum kolefnisbindingu Kolviðar.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 145,3 milljónir og afkoma kr. -7,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -3,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 31,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Nanna Magnadóttir,
Forstöðumaður

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	144.900.000	143.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	382.310	324.715
Tekjur samtals		<u>145.282.310</u>	<u>143.924.715</u>
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	3	132.381.056	127.738.260
Annar rekstrarkostnaður	4	19.614.305	13.577.230
Afskriftir	5	382.310	324.715
Gjöld samtals		<u>152.377.671</u>	<u>141.640.205</u>
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(7.095.361)	2.284.510
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(7.789)	(20.838)
		<u>(7.789)</u>	<u>(20.838)</u>
Afkoma ársins		<u><u>(7.103.150)</u></u>	<u><u>2.263.672</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Áhöld, tæki og búnaður		1.915.803	1.558.170
Fastafjármunir samtals		<u>1.915.803</u>	<u>1.558.170</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	6	29.907.056	25.904.978
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		28.895	0
Veltufjármunir samtals		<u>29.935.951</u>	<u>25.904.978</u>
Eignir samtals		<u><u>31.851.754</u></u>	<u><u>27.463.148</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	7		
Hrein eign		(3.191.454)	3.911.696
Eigið fé samtals		<u>(3.191.454)</u>	<u>3.911.696</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	12.522	9.007
Viðskiptaskuldir		387.524	2.070.663
Ýmsar skammtímaskuldir	8	12.365.184	19.411.494
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	9	22.277.978	2.060.288
Skuldir samtals		<u>35.043.208</u>	<u>23.551.452</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>31.851.754</u></u>	<u><u>27.463.148</u></u>
Aðrar upplýsingar	10		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(7.103.150)	2.263.672
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	382.310	324.715
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(382.310)	(324.715)
		<u>(7.103.150)</u>	<u>2.263.672</u>
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur		(28.895)	94.860
Tengdir aðilar		15.861.494	(14.447.520)
Skammtímaskuldir		(8.729.449)	12.088.988
		<u>7.103.150</u>	<u>(2.263.672)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	5	(739.943)	(479.989)
		<u>(739.943)</u>	<u>(479.989)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		739.943	479.989
		<u>739.943</u>	<u>479.989</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ávæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	144.900.000	143.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	382.310	324.715
	<u>145.282.310</u>	<u>143.924.715</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	144.900.000	0	0	144.900.000
Fjárveiting til tekna	144.900.000	0	0	144.900.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(152.003.150)	0	0	(152.003.150)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(7.103.150)	0	0	(7.103.150)

	2020	2019
3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	108.382.630	101.934.425
Orlof, breyting	(385.733)	3.010.695
Launatengd gjöld	23.812.083	22.363.614
Starfsmannakostnaður	572.076	429.526
	<u>132.381.056</u>	<u>127.738.260</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	9,4	9,1

4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	302.833	116.127
Byggingarvörur, almennar	0	41.108
Tæki og búnaður til innréttinga	49.600	0
Ýmis tæki og áhöld	379.847	237.226
Matvæli	917.466	664.640
Almennar rekstrarvörur	198.494	0
Vörukaup, almenn	<u>1.848.240</u>	<u>1.059.101</u>
Ýmsar sérgreindar vörur	82.998	0
Vörukaup, sérgreind	<u>82.998</u>	<u>0</u>
Fundir, námskeið, risna	201.689	941.362
Ferðir, uppihald	0	743.636
Akstur	186.452	97.350
Sérfræðipjónusta	577.062	1.841.200
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	28.660	8.149
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	77.589	18.600
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.523.854	1.358.948
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>3.595.306</u>	<u>5.009.245</u>

Skýringar

	2020	2019
4 Annar rekstrarkostnaður framhald		
Samningsbundin kaup og leiga	128.967	223.050
Afnotagjöld	1.711.612	1.185.082
Leigugjöld	3.074.031	559.264
Notkun véla og flutningatækja	82.846	0
Verkkaup	350.434	712.612
Kostnaðarhlutdeild	8.739.871	4.818.876
Tilfærslur	0	10.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	14.087.761	7.508.884
Annar rekstrarkostnaður samtals	19.614.305	13.577.230
5 Varanlegir rekstrarfjármunir		
	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	1.915.803	1.558.170
	1.915.803	1.558.170
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:		
		Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020		4.601.131
Viðbætur á árinu		739.943
		5.341.074
Afskriftir 1.1.2020		3.042.961
Afskrift ársins		382.310
		3.425.271
Staða 31.12.2020		1.915.803
6 Tengdir aðilar		
	31.12.2020	31.12.2019
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	29.907.056	25.904.978
	29.907.056	25.904.978
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	12.522	9.007
	12.522	9.007

Skýringar

7 Eigið fé

	31.12.2020	31.12.2019
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	3.911.696	1.648.024
Afkoma ársins	(7.103.150)	2.263.672
Jöfnuður 31.12.	(3.191.454)	3.911.696

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

8 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Ógreitt orlof	12.365.184	19.172.389
Ógreidd laun	0	65.100
Önnur ógreidd gjöld	0	174.005
	12.365.184	19.411.494

9 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	1.915.803	1.558.170
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	20.362.175	502.118
	22.277.978	2.060.288

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	1.558.170	502.118	2.060.288
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	20.600.000	20.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	739.943	(739.943)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(382.310)	0	(382.310)
	1.915.803	20.362.175	22.277.978

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 0,4 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

10 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna húsaleigusamninga, árlega greiðslur vegna þeirra nema kr. 15,7 milljónum. Aðrir rekstrar- og þjónustusamningar hjá stofnun nema kr. 1,3 milljónum vegna ársins 2021.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.